

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

211

31. des.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um vatnsveitu í Höfn í Hornafirði.

212

31. des.

1. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns, á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og einnig til hafnarinnar í Hornafirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast viðhald vatnsveitunnar, umsjón og endurbætur. Heimilt skal hreppsnefnd að ráða sérstakan vatnsveitustjóra, er hafi eftirlit með veitukerfinu og annist önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Getur vatnsveitunefnd löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við veituna, og er þeim skylt að hlýða í öllu fyrirmælum vatnsveitunefndar.

4. gr.

Reikningshald og innheimtu vatnsveitunnar hefur hreppsnefnd á hendi, gegn hæfilegu gjaldi. Reikningsárið er almanaksár og skulu reikningar veitunnar endurskoðaðir af endurskoðanda hreppsreikninga og lagðir fram ásamt hreppsreikningi ár hvert.

5. gr.

Hreppsnefndin lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo húseigandi eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningsvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við, og verður enginn krafinn um vatnsskatt, fyrr en svo er.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og öðrum, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta, án tafar, gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

212

31. des.

Umsjónarmönnum vatnsveitunnar og löggiltum innlagingamönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og þau tæki, er sett kunna að vera í samband við þær.

7. gr.

8. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum og tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Ágreiningi út af slíkum atriðum má skjóta undir dóm hreppsnefndar. Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

9. gr.

Af öllum íbúðarhúsum og öðrum slíkum húsum, þar sem vatns er þörf, skal greiða vatnsskatt álagðan eftir fasteignamatsverði húsanna, sem hér segir:

Lágmark vatnsskatts er kr. 250.00 á hús, sem að fasteignamati er kr. 5 000.00 og þar undir.

Af næstu kr. 5 000.00 greiðist 20%.

Af næstu kr. 5 000.00 greiðist 10%.

Af næstu kr. 5 000.00 greiðist 5%.

Af því, sem þar er fram yfir 3%.

Fyrir vatnshana utan húss og í peningshúsum og öðrum hliðstæðum húsum skal greiða kr. 45.00.

10. gr.

Hús, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, þar með taldar verbúðir o. fl., skulu auk gjalda samkvæmt fasteignamatsverði greiða vatnsskatt eftir mæli, sem hér greinir:

Af þúsund smálestum greiðist kr. 1.50 af hverri smálest.

Af því, sem umfram er greiðist kr. 1.00 af hverri smálest.

Frystihús greiði kr. 2.00 af hverju tonni af innvegnum fiski, sláturhús greiði kr. 0.25 af hverri slátraðri kind.

11. gr.

Vatnsveitunni er heimilt að selja allt vatn eftir mælum og skal þá verðið vera:

Af fyrstu 500 smálestum kr. 1.50 af hverri smálest.

Af næstu 500 smálestum kr. 1.00 af hverri smálest.

Af því sem umfram er kr. 0.80 af hverri smálest.

Auk þess tekur vatnsveitan fastagjald kr. 10.00 af hverri húsveitu ársfjórðungslega. Tengigjald er kr. 300.00. Ársleiga á mæli kr. 10.00. Öll gjöld fyrir vatn getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50%.

12. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 15.00 fyrir hverja smálest, þó aldrei minna en kr. 25.00 fyrir fiskiskip og kr. 40.00 fyrir önnur skip. Gjaldið greiðist við móttöku.

13. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. apríl ár hvert. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samnings og aðfararveði.

14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, án leyfis vatnsveitunefndar.

15. gr.

212

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1 500.00, nema að þyngri refsing liggji við. Með mál út af brotum á reglugerðinni skal fara að hætti opinberra mála.

31. des.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 114 7. maí 1952 fyrir vatnsveitu í Höfn í Hornafirði.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

213

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi
nr. 158 25. nóv. 1948.

31. des.

1. gr.

13. grein orðist svo:

Af öllum húsum í Hveragerðishreppi, sem svo er ástatt um, sem um getur í 12. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 6.5% — sex og hálfan af þúsundi — og kr. 80.00 gjald af hverri íbúð, þó skal lágmarks vatnsskattur vera kr. 150.00.

2. gr.

Í 14. grein, um gróðurhús, orðist svo:

Af gróðurhúsum greiðist kr. 1.00 fyrir hvern fermetra.

Aftan við 14. gr. skal bæta við:

Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 3 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

16. grein orðist svo:

Heimilt er hreppsnefndinni fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% — fimmtíu af hundraði —.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin auglýsing um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi nr. 112 13. ágúst 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hallgrímur Dalberg.